

## Skólaráðsfundur 05.10.2021

Mætt: Hanna Dóra, Lára, Hrund, Sigrún G., Þyrey, fulltrúar foreldra, Laufey Haralds., Gunnhildur Gíslad., fulltrúar nemenda, Bryndís Erla, Hákon Kolka.

- Hanna Dóra bauð alla velkomna á fundinn.
- Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn í kvöld þar sem kosið er um annan fulltrúa foreldra. Nú sitja Laufey og Gunnhildur sem fulltrúar foreldra.
- Hanna Dóra fór yfir starfsreglur skólaráðs. Hún lagði til að Ragnhildur Jónsdóttir verði fulltrúi grenndarsamfélagsi. Fundarmenn samþykkja það.
- Samkvæmt reglum er ætlast til að fundir séu einu sinni í mánuði. Hér hefur verið fundað öllu tvisvar eða þrisvar á önn. Einu sinni var fundað með öllu nemendaráði aðal- og varamenn. Stefnt að því hafa slíkan fund í vetur þar sem raddir nemenda geta heyrst.
- Hanna Dóra gerði grein fyrir starfsáætlun skólans. Þar er helst að nefna breytingu á skipuriti skólans. Umsjón stoðþjónustu hefur færst til aðstoðarskólastjóra eftir að deildarstjóri stoðþjónustu lét af störfum og því eðlilegt að breyting á skipuriti verði í takt við það. Einnig hefur orðið breyting á hlutfalli skólaritara, það hefur minnkað og því hefur opnunartími skrifstofu minnkað. Skólaráð samþykkir starfsáætlun.
- Hrund kom með ósk um tillögu að fundarplani fyrir veturinn í skólaráði.
- Nú fer að hefjast vinna við fjárhagsáætlun og fyrsta rýni snýr að stöðugildum. Skólaráð getur látið sínar skoðanir í ljós um hvaða áherslur ætti að leggja í skólastarfinu.
- Framkvæmdir á þakinu hægari en við vildum. Hefði verið gott ef því hefði lokið fyrir skólabyrjun. Vinnan er meiri en haldið var í fyrstu. Vonandi verður tíð hagstæð. Neyðarútgangur úr bókasafni er á dagskrá nú í haustfríi skólans.
- Skóladagatal: Beiðni skólastjórnenda til skólaráðs er að víxla samráðdegi 12. október og starfsdegi 11. október þannig að samráðsdagur verði 11. október og starfsdagur 12. október. Samtöl á samráðsdegi verða rafræn að að þessu sinni. Boðað verður til þeirra á næstu dögum. Skólaráð samþykkir þessa beiðni.
- Ytra mat fer fram í skólanum 18. - 20. október. Það koma fulltrúar frá Menntamálastofnun sem fylgjast með skólastarfinu og taka viðtöl við ýmsa rýnihópa. Laufey nefndi á að nauðsynlegt sé að undirbúa nemendur og starfsfólk vel fyrir þessa úttekt. Mikilvægt að starfsfólk upplifi þetta ekki sem innrás. Á starfsmannafundi í dag verður verklag kynnt starfsmönnum. Útektaraðilar hafa sagt í samskiptum við skólastjóra að allir eigi að gera nákvæmlega það sem þeir eru vanir að gera.

- Önnur mál:  
Fulltrúi nemenda spurði út í ferð að Laugarvatni. Nemendur 9. og 10. bekkjar fara síðustu viku októbermánaðar. Nemendasjóður tekur þátt í kostnaði fyrir nemendur en foreldrar greiða fæðiskostnað.

Fundargerð ritaði: Lára Gunndís